

Mál nr. 227/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreiningur um bótaskyldu er skemmdir urðu á bifreið þann 12.4.2010.

Gögn.

1. Málskot, móttekið .29.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.8.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Lögreglunni á Akureyri var tilkynnt um að ungur drengur, A, rúmlega 13 ára gamall, hafi verið að brjóta kveikjara við tiltekna götu á Akureyri með þeim afleiðingum að grjót hafi lent á þaki bifreiðarinnar B sem er í eigu M. Samkvæmt frásögn vitnis stóð B við vestari vegbrún götunnar, en A hafi verið að brjóta kveikjarann hinum megin við götuna með því að henda grjóti í kveikjarann. Grjótið hafi brotnað og annað brotið hafi hafnað í þaki B. Vitnið kvaðst hafa farið á eftir A og hefði hann viðurkennt fyrir vitninu að þetta hafi gerst eins og hér hefur verið lýst. Móðir A tjáði lögreglu að A hefði einnig lýst atburðarásinni fyrir sér á sama veg. Í málskoti er þess getið að tilraun hafi verið gerð með að kasta grjóti niður í gangstétt og kannað hvort unnt væri að láta það skoppa svo hátt að líkur væru á að það næði upp fyrir topp B eins og gengið er út frá í framangreindri atvikalýsingu. Niðurstaða þeirrar tilraunar hafi sýnt að yfirgnæfandi líkur séu á að atvikið hafi ekki gerst eins og að ofan er lýst. Líklegt sé að A hafi kastað grjótinu beint upp í loftið og vonað að það kæmi niður og hafnaði á kveikjaranum. Honum hafi því mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af gjörðum hans.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartrygginga fjölskyldu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Svo M geti átt skaðabótakröfu á hendur A vegna tjónsins sem varð á B, og þar með átt einnig kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingunni hjá X, verður M að hafa sýnt fram á sök hjá A. Svo sakarskilyrðum sé fullnægt þarf m.a. að vera sýnt fram á að tjónið sé sennileg afleiðing af háttsemi A. Framangreind lýsing á tildrögum óhappsins og háttsemi A er byggð á lýsingu vitnis sem gefin var hjá lögreglu. Nánari lýsingu á málsatvikum er ekki til að dreifa. Telja verður ósannað að atvik hafi gerst með öðrum hætti en vitnið lýsti fyrir lögreglu. Samkvæmt tilraunum sem M hlutaðist til um og lýst er í málskoti virtist sem útilokað væri að steinn eða brot úr steini gæti þeyst þannig upp í loftið efir að hafa verið kastað í jörðina að hann gæti lent á þaki B. Í ljósi þessa og eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ekki hafi verði sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að tjónið á B hafi verið sennileg afleiðing af gjörðum A. Af þeim sökum telst ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi A og telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 31. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.